

Afkoma Hörpu batnar til muna

Aðalfundur Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. var haldinn á Háalofti í Hörpu fimmtudaginn 27. apríl kl. 15:00. Fundinn sátu fulltrúar eigenda, það er ríkis (54%) og borgar (46%), auk stjórnar og framkvæmdastjórnar hússins. Á fundinum fluttu Guðfinna S. Bjarnadóttir, stjórnarformaður Hörpu, og Halldór Guðmundsson forstjóri skýrslu um starfsemina á síðasta ári.

Árið 2015 voru haldnar ellefu alþjóðlegar ráðstefnur í Hörpu og yfir þrjú hundruð annars konar fundir og veislur en tónleikar voru hátt á sjöunda hundrað. Nýting sala verður æ betri og fer nærrí því að Eldborgarsalurinn til dæmis sé fullnýttur yfir vetrartímann, en meðaltalsnýting helstu sala, miðað við eina útleigu á dag, er yfir 70%.

Ennfremur var byggingu hússins lokið þegar þrír salir á norðausturhlíð þess, um 200 fermetrar hver, voru teknir í notkun á árinu. Þeir hafa sannað gildi sitt, bæði sem falleg fundarými, hentugur vettvangur sýninga og æfingarými.

Fjöldi heimsókna í húsið eykst jafnt og þétt og voru þær um 1.7 milljónir á síðasta ári.

Forsendur rekstrar Hörpu breyttust í grundvallaratriðum, með dómi Hæstaréttar í fasteignagjaldamáli Hörpu. Hann var kveðinn 25. febrúar 2016 og þar kom fram

„....að ekki yrði fram hjá því litið að tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa væri að stærstum hluta leigt út, auk þess sem gengið væri út frá því að hálfu eigenda að tekjur af leigu og aðstöðu í húsinu ætti að standa undir rekstarkostnaði þess.“

Ógiltur var úrskurður yfirfasteignamatsnefndar frá 30. maí 2012 um fasteignamat Hörpu og á þeim forsendum þarf að endurreikna fasteignagjöld frá árinu 2011 til og með ársins 2015. Niðurstaðan markar enda á fjögurra ára baráttu en endanleg niðurstaða liggur ekki fyrir fyrr en með nýju fasteignamati Hörpu á grundvelli tekjuvirðis í stað byggingakostnaðar.

Á fundinum var lagður fram ársreikningur Hörpu. Afkoman af rekstri Hörpu sjálfrar, fyrir fyrningar og fjármagnsliði (EBITDA), fer úr 381 milljóna tapi árið 2014 í tæpra 113 milljóna tap árið 2015. Eigin tekjur Hörpu jukust um rösk 10% miðað við árið áður og að þessu sinni hækkuðu gjöld ekki jafn mikið þannig að afkoman af rekstrinum sjálfum batnaði um tæpar 40 milljónir að teknu tilliti til varúðarniðurfærslna. Mest áhrif mun þó væntanleg breyting á fasteignagjöldum hafa. Ráðgjafar Hörpu hjá KPMG og endurskoðendur félagsins reiknuðu hvorir um sig út tekjuvirði Hörpu samkvæmt birtri aðferðafræði Þjóðskrár fyrir 2015, og var hún færð í ársreikninginn, en engin áætlun var gerð fyrir 2011-2014 og ekki er heldur gert ráð fyrir neinum endurgreiðslum; ef svo fer sem horfir ætti afkoman því að verða talsvert betri en sést á þessum reikningi, en um upphæðina verður ekki fullyrt með neinni vissu. Fari svo sem horfir í kjölfar

Hæstaréttardóms mun reksturinn því taka stórt skref í þá átt að geta staðið undir sér. 2/2

Sem fyrr eru síðan miklar afskriftir og svo hækka verðbætur vegna skuldabréfsins verulega vegna breytinga á vísitölu sem ekki hefur bein áhrif á afkomuna og reikningslegt tap er 442 milljónir.

Stjórn Hörpu var endurkjörin á fundinum, en í henni sitja Guðfinna S. Bjarnadóttir, formaður, Svanhildur Konráðsdóttir, varaformaður, Vilhjálmur Egilsson, Ásta Möller og Kjartan Örn Ólafsson. Forstjóri Hörpu er Halldór Guðmundsson.